

Við tollafgreiðslu bifreiða til leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra og öku-kennara, sem hafa að aðalstarfi akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga, sendibifreiða eða kennslubifreiða, skal einungis innheimta 25% innflutningsgjald. Af bifreiðum sömu aðila sem hafa slíkan akstur að aukastarfi skal við tollafgreiðslu einungis innheimta 38% innflutningsgjald. Um eftirgjöf og eftirstöðvar innflutningsgjalds af bifreiðum þessara aðila skal í framkvæmd farið eftir reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga eftir því sem við á.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 431/1976 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun 15.05% fjár gengingsmunarsjóðs 1978 (áætlað 350 millj.kr.),
til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, sbr. b-lið
3. gr. laga nr. 2/1978.

1. gr.

Fé þessu skal einungis varið til lánveitinga og skal vera í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sem annast lánveitingar og innheimtu.

2. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs tekur ákvarðanir um öll útlán, en þeim skal varið til hagræðinga í fiskiðnaði t. d. vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásam, fjármunalegrar endurskipulagningar og hverra annarra framkvæmda sem horfa til hagræðingar í fiskiðnaði, að mati sjóðstjórnar.

3. gr.

Lánin skulu vera til 7 ára og afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Vextir af lánnum þessum skulu vera breytilegir og ákvarðast hverju sinni af stjórn Fiskveiðasjóðs, en eru ákveðnir 14% á árinu 1978.

Gjald dagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextirnir eftirá.

4. gr.

Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda innan við 70% af matsverði eða 50% af brunabótamati þess. Nægi ekki umrædd veð er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau veð önnur eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

5. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar hafa verið samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga
á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.

1. gr.

Stafliðir b og f í 1. tölulið 2. gr. orðist svo:

b. Gláka	45. flokkur E
	2. flokkur D
f. Hjartasjúkdómar	14. flokkur A, B og D
	31. flokkur A, B ₁ og B ₂
	og L.

2. gr.

Við 2. tölulið 2. gr. bætist eftirfarandi stafliður:

f. Hjartaangarlyf (angina pectoris) og hjartsláttar- truflanir	14. flokkur C
	31. flokkur B ₃

3. gr.

3. töluliður 4. gr. orðist svo:

3. Lyf sem talin eru til 1. flokks A,B,D,F,H og K—Q í ritinu „Lyf á Íslandi“ að undanteknum stungulyfjum, sem greiðast skv. ákvæðum 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og öðlast gildi 15. apríl 1978.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærð loðnunóta.

1. gr.

Lágmarksmöskvastærð loðnunóta, sem heimilt er að nota, skal vera 19,6 mm.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er 19,6 mm breið og 2 mm þykk, komist auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.